

Föstudaginn 5. október 1990.

Nr. 122/1988. **Jóhann Þórir Jónsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Markúsi Jóhannssyni

(Hákon Árnason hrl.).

Víxilmál. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1988, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. apríl 1988 samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða áritun á áskorunarstefnu verði staðfest svo og hin áfrýjaða fjárnámsgerð. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Stefndi höfðaði í héraði mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með áskorunarstefnu 27. ágúst 1986 á hendur áfrýjanda til greiðslu á „kr. 740.000 með 2,75% mánaðarvöxtum af kr. 440.000 frá 15.1.85 til 1.2.85, með 3,75% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1.3.85, með 4% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 10.5.85, af kr. 740.000 frá þ.d. til 1.6.85, með 3,5% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1.9.85, með 3,75% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1.3.86 og með 2,25% mánaðarvöxtum frá þ.d. til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu“.

Um málsatvik, málsástæður og lagarök segir svo í stefnunni:

„Skuld þessi er skv. 2 víxlum útg. af stefnanda 20.11.84 (víxill kr. 440.000) og 10.4.85 (víxill kr. 300.000) og samþ. af stefnda til

greiðslu í Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, pr. 15.1.85 (vixill kr. 440.000) og pr. 10.5.85 (vixill kr. 300.000). ...

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á l. nr. 93, 1933, 48. gr., sbr. XVII. kafla laga nr. 85, 1936, enda hafa stefndu ekki greitt skuldina þrátt fyrir innheimtutilraunir.“

Stefnan var birt stefnda 9. september 1986. Af hálfu stefnda var ekki sótt þing við þingfestingu málsins 16. september 1986, og var málið þá tekið til áritunar. Hinn 6. október 1986 áritaði Unnur Gunnarsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, stefnuna á þessa leið: „Stefnukröfur máls þessa og kr. 78.800,- í málskostnað eru aðfararhæfar að liðnum 7 sólarhringum frá dagsetningu áritunar þessarar.“

II.

Í áfrýjunarstefnu er ekki gerð krafa um ómerkingu og frávísun málsins frá héraðsdómi. Ber því að vísa þeirri kröfu frá Hæstarétti, sbr. 18. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Kröfu sína um sýknu styður áfrýjandi þeim rökum, að hann hafi að fullu gert upp skuldir sínar við stefnda, svo sem greini á yfirlýsingu stefnda frá 26. mars 1986, sem liggja frammi í málinu. Jafnframt hafi stefndi lofað að skila öllum pappírnum og verðbréfum, sem stefndi hafði í höndum á áfrýjanda og fyrirtæki hans, en meðal skjala þessara séu hinir umstefndu víxlar. Með málsókn sinni sé stefndi því að hafa uppi rangar kröfur, þar sem engin raunveruleg skuld sé lengur að baki víxlunum.

Stefndi höfðaði mál þetta sem víxilmál samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Víxlarnir bera það ekki með sér, að þeir séu greiddir. Verður sú vörn því ekki höfð uppi í máli þessu, sbr. 208. gr. nefndra laga. Verður sýknukrafa áfrýjanda því ekki tekin til greina. Ber að staðfesta hið áfrýjaða dómsígildi og fjárnámsgerð, þó þannig, að vextir reiknast eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða áritun á áskorunarstefnu á að vera óröskuð svo og hið áfrýjaða fjárnám að öðru leyti en því, að frá 1. mars

1986 til 1. desember 1988 greiði áfrýjandi, Jóhann Þórir Jónsson, stefnda, Markúsi Jóhannssyni, 27% ársvexti af hinni til-dæmdu fjárhæð, en 24% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% ársvexti frá þeim degi til 1. mars 1989, 24% ársvexti frá þeim degi til 1. apríl 1989, 27% ársvexti frá þeim degi til 1. apríl 1990, 26% ársvexti frá þeim degi til 1. maí 1990, 23% ársvexti frá þeim degi til 1. september 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, þó eigi hærri en 27% ársvexti.

Áfrýjandi greiði stefnda 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fjárnámsendurrit.

Ár 1987, miðvikudaginn 28. janúar, er fógetaréttur Reykjavíkur settur að Meistaravöllum 5 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Önnu M. Karlsdóttur, með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið: Málið A-904/1987: Markús Jóhannsson gegn Jóhanni Þóri Jónssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2, aðfararhæfa áskorunarstefnu.

Nr. 1-2 fylgir með í ljósríti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Valgarður Sigurðsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 740.000 með 2,75% mánaðarv. af kr. 440.000 frá 15.1.1985 til 1.2.1985, 3,75% f.þ.d.t. 1.3.1985, 4% f.þ.d.t. 10.5.1985, af kr. 740.000 f.þ.d.t. 1.6.1985, 3,5% f.þ.d.t. 1.9.1985, 3,75% f.þ.d.t. 1.3.1985, en 2,25% frá þeim degi til greiðsludags, kr. 78.800 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 1.270 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir að tilhl. fóg. Kolbrún Jónsdóttir. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda gerir fógeti fjárnám í eignarhluta gerðarþola í Meistaravöllum 5.

Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mættum að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.